


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	ENS 212	Kennsluáætlun, Haustönn 2012

Kennari	Anna Berglind Pálmadóttir Erna H. Gunnarsdóttir	Sk.st.	ANP EHG
----------------	--	---------------	------------

Áfangalýsing:

Lestur: Að nemandinn geti lesið þyngri texta en í fyrri áföngum (ENS 102/202), geti beitt mismunandi lestraraðferðum og sé fær um að notfæra sér mismunandi hjálpargögn við lestur.

Hlustun: Geti skilið einfalt, ótextað sjónvarpsefni, myndefni, margmiðlunarefni, útvarpsefni o.s.frv., geti fylgst með og skilið megininntak orðræðu þegar fjallað er um nokkuð sérhæft efni sem hann þekkir og tengist þeim efnisflokkum sem fjallað er um í kennslustundum sem og grunnþáttum *Aðalnámsskrár*, þ.á.m. Sjálfbærni, jafnrétti, heilbrigði og velferð.

Tal: Geti tjáð sig við algengustu aðstæður í daglegu lífi, geti talað með eðlilegum hraða, geti gefið til kynna virka hlustun með viðeigandi smáorðum eða upphrópunum og geti notað hikorð og nýjan orðaforða sem unnið hefur verið með í efnisflokkum áfangans í nýju samhengi til að tjá eigin hugsun, skoðanir o.s.frv.

Ritun: Geti tjáð sig skriflega á skipulegan hátt og í nokkuð löngu máli (40-60 línur eða lengra), hafi náð tókum á grundvallaratriðum í ritgerðasmíð (upphaf, miðja, endir, röksemdafærsla, skipting í efnisgreinar), geti nýtt orðabækur.

Lögð er aukin áhersla á sköpun þar sem nemendur vinna sameiginlega að fjölbreyttum verkefnum.

Markmið: að nemendur


- geti aflað sér hagnýts orðaforða og styrki málfræðikunnáttu.
- geti tjáð sig á ensku, bæði í talmáli og skriflega.
- geti skilið enskt talmál og hlustunarefni nokkuð óhikað.
- Geti unnið saman í hópum og komist á lýðræðislegan hátt að sameiginlegri niðurstöðu.

Námsgögn:

- ***Echoes of English - ENS 212, haustönn 2012.*** Hefti sem fæst á skrifstofu VMA.
- ***Boys Don't Cry*** eftir Malorie Blackman. Corgi Books, 2011.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
Vikur 34 til 37 14. sept. - 21. ág.	<i>Echoes of English:</i> Kaflar 1 og 2 Málfræði: Þáliðin tíð (past perfect) <i>Boys Don't Cry:</i> Byrjað að lesa bókina og vinna hópverkefni.	Hópverkefni úr skáldsögu. Flutt í tímum og skilað til kennara.
Vikur 38 til 41 16. sept. - 12. okt.	<i>Echoes of English:</i> Kaflar 3 og 4 Málfræði: Tilvísunarsetningar (relative clauses) - Germynd og þolmynd (active and passive) <i>Boys Don't Cry:</i> Klárað að lesa bókina.	Hópverkefni úr skáldsögu. Flutt í tímum og skilað til kennara. Kaflapróf úr <i>EoE</i> köflum 1-3 Book Report úr <i>Boys Don't Cry</i>

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	ENS 212 Kennsluáætlun, Haustönn 2012	
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
Vikur 42 til 45 15. okt.-9.nóv.	Echoes of English: Kaflar 5, 6 og 7	Hópverkefni – auglýsing og kynning Ritunarverkefni og kynning - mannréttindi
Vikur 46 til 48 12.nóv.-30.nóv.	Echoes of English: Kaflar 8, 9 og 10 Málfræði: Skilyrðissetningar (conditional sentences)	Kaflapróf úr EoE köflum 4-8 Hlustunarpróf

Verkefni / Námsmat og vægi námsþátta:

Lýsing	Vægi
Kaflapróf (2 próf, 5% hvort)	10%
Hópverkefni – auglýsing og kynning	10%
Ritunarverkefni og kynning – Mannréttindi	10%
Hópverkefni unnin í tímum úr <i>Boys Don't Cry</i> (5%) og Book Report úr <i>Boys Don't Cry</i> (10%)	15%
Hlustunarpróf	5%
Lokapróf	50%

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn heilan fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Ekki verður um að ræða endurtektar- eða sjúkrapróf í verkefnum en í staðinn eykst vægi þeirra verkefna, sem nemandi hefur skilað, **geti hann sýnt fram á réttmæt forföll**. Lágmarkseinkunn er 5 og skal hver nemandi ná henni bæði í lokaeinkunn og prófseinkunn. Það þýðir að námseinkunnir reiknast ekki með í annareinkunn nema nemandinn ná einkunninni 5 (þ.e. 45 til 54% markmiða náð) á lokaprófi.

Réttur til breytinga áskilinn.

Dagsetning: 20. ágúst 2012

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils